

um helgina

Ljóðlist

Kynning á ljóðum Laxness

Í tilefni af 80 ára afmæli Halldórs Laxness flytja nemendur 3. bekkjar Leiklistarskóla Íslands, í samvinnu við Norræna húsið, samfellda dagskrá úr ljóðum skáldsins í Norræna húsinu kl. 17.00 sunnudaginn 18. apríl.

Dagskráin, sem ber heitið „Ó, hve létt er þitt skóhljóð“, er að mestu byggð á Kvæðakveri Halldórs, sem kom fyrst út árið 1930 og olli miklu fjáðrafoki og hneykslan. Kvæð þar við nýjan tón, þar sem hefðbundnum kveðskap var varpað fyrir röða, bæði hvað varðar yrkisefni og form. Þá eru einnig flutt ljóðin úr skáldsögunum sem skáldið prentaði í síðari útgáfu Kvæðakversins. Brotum úr blaðagreinum og öðrum verkum skáldsins er skotið milli ljóðanna og sungin eru lög eftir Jón Asgeirsson, Jón Þórarinnsson, Jón Laxdal, Askel Másson og Eypór Arnason, en hann er úr hópi nemenda. Flytjendur auk hans eru: Edda Heiðrún Backmann, Helgi Björnsson, Kristján Franklin Magnús, María Sigurðardóttir, Sigurjóna Sverrisdóttir og Vilborg Halldórsdóttir. Þórhallur Sigurðsson hefur tekið dagskrána saman og stjórnar flutningi ásamt Fjölu Ólafsdóttur, sem æft hefur söngva. Undirleik annast Páll Eyjólfsson, gítarleikari.

Leiklistarnemar munu endurtaka flutninginn í Norræna húsinu næstkomandi mánudagskvöld kl. 20.30 og í ráði er að heimsækja nokkra staði utan Reykjavíkur.

tónlist

Frum- flutningur Concord- sónötunn- ar

Breski pianóleikarinn John Lewis heldur tónleika að Kjarvalsstöðum laugardaginn 17. apríl klukkan fimm og mun þar leika „Concordsonötuna“ eftir Charles Ives. Er þetta í fyrsta skipti sem þessi sönata er flutt hér á landi.

Sónatan er samin á árunum 1908-1915 og daga kaflaheitin nöfn af þeim rithöfundum og heimspekingum sem bjuggu í Concord, Massachusetts, um miðja síðustu öld, Emerson, Hawthorne, Alcotts og Thoreau. Á tónleikunum mun John Lewis einnig spjalla um sönötuna.

John Lewis hefur í vetur verið kennari við Tónlistarskólann í Stykkishólmi.

Tónleikar í Austurbæjarbíói

Tónlistarfélagið gengst fyrir tónleikum n.k. laugardag, 17. apríl, klukkan 2.30 í Austurbæjarbíói.

Þar koma fram William Parker, baritonsöngvari, og William Huckaby, pianóleikari. Á efnesskránni eru verk eftir Beethoven (Adelaide), Poulenc (Banalités), Rorem (War Scenes) og Schumann (Dichterliebe).



myndlist

Höskuldur Björnsson, listmálari, (1907-1963) dvaldist lengst af í Austur-Skaftafellssýslu, þar til hann flutti búferlum til Hveragerðis, þar sem ekkja hans, Hallfríður Pálsdóttir, býr enn, en hún hefur breytt vinnustofu listamannsins þar í notalega kaffistofu.



„Höskuldur átti bæði hagar og hlýðnar hendur er gerðu honum hvert verk létt og hann átti óvenju skarpa sjón á töfra umhverfisins í náttúru og mannlífi. Hvort tveggja var forsenda þeirra listaverka er eftir hann liggja. Við sjáum nokkur af þeim hér.“ — (Úr sýningar skrá — Kristján frá Djúpalæk).

Úr fórum fjölskyldunnar

Laugardaginn 17. apríl verður opnuð sýning á verkum Höskuldur Björnssonar, þeirra er enn eru í eigu fjölskyldu hans. Sýningin verður að Kjarvalsstöðum og opnar klukkan tvö. Alls verða um 150 myndir á

sýningunni.

Í ár verða 75 ár liðin frá fæðingu Höskuldur og af því tilefni er efnt til þessarar sýningar. Höskuldur fæddist 26. júlí 1907 að Dilksnesi í Horna-

firði og lést 2. nóvember 1963.

Hann lærði teikningu hjá Rikharði Jónssyni, myndhöggvara yeturinn 1925-26 og naut einnig tilsagnar Jóns Stefánssonar, listmalara, 1928-31.

Það sem helst einkenndi verk Höskuldur Björnssonar voru rómantískar fugla- og landslagsmyndir auk mynda af gömlum byggingum, svo nokkuð sé nefnt.



Tónleikar á Akureyri og í Reykjavík

Sextiu og þriggja manna hljómsveit heldur tónleika á Akureyri og í Reykjavík um næstu helgi. Er hér um að ræða nemendur fjögurra tónlistarskóla. Tónlistarskólans í

Reykjavík, Tónskóla Sigurveys, Tónmenntaskólans og Tónlistarskóla Akureyrar. Hljómsveitarstjóri er Mark Reedman og einleikari á fiðlu verður Guðný Guðmundsdóttir,

konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikarnir á Akureyri verða í Íþróttaskemmunni á laugardag klukkan fimm, en í Reykjavík í sal Menntaskólans

við Hamrahlíð á sunnudaginn klukkan fimm. Sala aðgöngumiða fer fram í bóka-búðinni Huld á Akureyri og við innganginn á báðum stöðunum.

Egó ó Lækjartorgi
á morgun kl. 14.00:

Rokk gegn banni

Bubbi Morthens og félagar hans í Egó halda hljótleika á Lækjartorgi á morgun, laugardag kl. 2. e.h. Með hljótleikumum er Egó að mótmæla því uppátæki kvikmyndaefirlitsins, að banna fólki innan 14 ára aðgang að kvikmyndinni „Rokk í Reykjavík“. Líklegt er að sá hópur fjölmenni á Torgið á morgun, auk hinna „hólpnu“, hvort sem 'ann hangir þurr eður ei....

